Foreldrafélag Gerðaskóla

Fundargerð aðalfundar 2026

Staður: Gerðaskóli, Garðbraut 90, 250 Suðurnesjabær

Tími: 19. október 2026 kl. 17:00

Mættir: Anna Lilja, Halldóra, Gunnhildur, María Kjartansdóttir, Berglind Ástþórsdóttir, Mikael Danielsson, Anita, Bára Bragadóttir, Justine.

Dagskrá:

1. **Skýrsla síðasta skólaárs lögð fram.**
    - Formaður fór yfir skýrslu og reikninga síðasta skólaárs.
    - Athuga með styrki frá sveitarfélaginu. Ábending frá foreldri.
2. **Kosning í stjórn félagsins.**
    - Anna Lilja, Gunnhildur og Halldóra Eik sitja áfram í stjórn.
    - María Kjartansdóttir og Mikael Danielsson kosin í stjórn til viðbótar.
3. **Hlutverk félagsins og bekkjarfulltrúa kynnt.**
    - Farið yfir glærur frá Heimili og skóla. Fjallað um hlutverk foreldrafélagsins og mikilvægi þess. Einnig um hlutverk bekkjarfulltrúa. Þeir eru tengiliðir við foreldrafélagið. Þetta á að vera samstarf allra foreldra en bekkjarfulltrúar leiða foreldrahópinn. Foreldrar geta skipt með sér verkum innan bekkjarins.
    - Tillögur um bekkjarstarf kynntar. Hugmyndir fyrir bekkjarhittinga.
    - Bekkjarfulltrúar ábyrgir fyrir að gerðir verði farsældarsáttmálar í hverjum bekk. Mikilvægt að finna tíma sem fyrst með öðrum foreldrum í bekknum til að hittast og gera sáttmála.
    - Foreldrum sýnd plaggöt og bæklingar frá Heimili og skóla sem má nota við gerð sáttmálans. Hægt að nálgast hjá formanni foreldrafélagsins.
    - Mögulega hægt að hafa bekkjarhitting og svo fund um farsældarsáttmálann í framhaldinu eftir að krakkar fara heim ef það hentar bekknum. Hver bekkur útfærir þetta eins og hentar best.
4. **Opnar umræður um helstu verkefni vetrarins.**
    - Jólabingó verður haldið 7. desember. Foreldrar hvattir til að taka þátt í að afla vinninga.
    - Hugmynd að foreldrafélagið veiti styrk til bekkjarviðburða einu sinni á hvoru misseri.

- Umræður um reglur bekkjarhittinga. Foreldrar mæta með barninu sínu á hittinga, þetta er ekki barnapössun heldur samvera foreldra og barna.
- Umræður um leiðir til að ná til foreldra, tölvupóstur, Facebook hópur (ekki allir á Facebook), setja auglýsingu um viðburð í möppuna hjá börnunum.
- Foreldrafélagið mikilvægur þáttur í að kynnast öðrum foreldrum, sérstaklega þegar nýir foreldrar bætast í hópinn.
- Varðandi bekkjarafmæli: Hægt að stinga upp á að yngri bekkir hafi afmælin þannig að þau börn sem eiga afmæli í sama mánuði haldi afmæli saman. Hægt að ræða þetta sem hluta af farsældarsáttmálanum.
- Foreldrar hvattir til að hafa samband ef þau hafa hugmyndir varðandi verkefni vetrarins.

5. Önnur mál.

- Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18:05.